

## Kjarasamningur

milli Samtaka sjálfstæðra skóla (SSSK) vegna Regnbogans, Fossa- og Korpukots, Sólgarðs, Leikgarðs, Mánagarðs, Leikskólans Krílasels, Vinaminnis, Leikskólans Öskju, Leikskólans Laufásborgar, Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík, Heilsuleikskólans Kórs, Ungbarnaleikskólans Ársólar, Leikskólans Lundar, Leikskólans Sælukots, Leikskólans Sjálands, Ísaksskóla, Landakotsskóla, Tjarnarskóla, Waldorfskólans Lækjarbotnum, Leikskólans Undralands, Arnarskóla, Leikskólans Vinagarðs, Suðurhlíðaskóla Skerjagarðs og Barnaheimilisins Óss og Eflingar – stéttarfélags

### 1. gr.

#### Gildistími og gildissvið

Kjarasamningur þessi gildir frá 1. apríl 2019 til 31. maí 2023. Hann nær til kjara félagsmanna í Eflingu sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum SSSK innan félagssvæðis Eflingar.

### 2. gr.

#### Inntak samnings

Um kaup og kjör félagsmanna Eflingar sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum SSSK fer eftir kjarasamningi Eflingar við Reykjavíkurborg ásamt fylgiskjölum sem undirritaður var 10. mars 2020 nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.

### 3. gr.

#### Fylgiskjal III kafli II

Kafli II í fylgiskjali III breytist og orðist svo:

Þá hafa aðilar jafnframt orðið ásáttir um að greiða starfsmönnum leikskóla skv. gr. 1.1.3 eftirfarandi fjárhæðir:

Starfsheiti	Önnur laun
starfsmaður 2	32.500
starfsmaður 2 með stuðning	32.500
leiðbeinandi 1	32.500
leiðbeinandi 1 með stuðning	32.500
leiðbeinandi 2	37.500
leiðbeinandi 2 með stuðning	37.500
leikskólaliði	37.500
leikskólaliði með stuðning	37.500
deildarstjóri C	42.500

Aðilar eru sammála um að á samningstímanum taki önnur laun skv. gr. 1.1.3 hækkun um 2,5% þann 1. janúar 2021 og þann 1. janúar 2022.

### 4. gr.

#### Forsendur

Komi af einhverjum ástæðum til riftunar eða endurskoðunar á ofangreindum nágildandi kjarasamningi Eflingar við Reykjavíkurborg skal sama gilda um kjarasamning þennan.

SJS

SA

**5. gr.**  
**Fyrirvari um samþykki**

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um samþykki viðkomandi aðildarfélaga SSSK og félagsmanna Eflingar í atkvæðagreiðslu. Aðilum ber að tilkynna um niðurstöðu atkvæðagreiðslu eigi síðar en 6. nóvember 2020. Telst samningurinn samþykktur hafi ekki verið tilkynnt um annað fyrir þann tíma.

**6. gr.**  
**Samstarfsnefnd**

Aðilar skulu skipa samstarfsnefnd, að fyrirmund greinar 16.1 í samningi Eflingar við Reykjavíkurborg, sem hafi það hlutverk að greiða úr mögulegum ágreiningi milli aðila um túlkun samnings sem upp kann að koma á samningstíma. Nefndin hugi sérstaklega að því að hvernig beri að heimfæra ákvæði úr kjarasamningi Eflingar við Reykjavíkurborg á samning þennan í tilvikum þar sem það kann að vera óljóst t.d. vegna ákvæða sem vísa í tilteknar stjórnsýslustofnanir Reykjavíkurborgar. Á sama hátt skal samstarfsnefnd heimilt að fjalla um það með hvaða hætti kunni að vera nauðsynlegt að útfæra samning þennan með tilliti til kjaraatriða sem kunna að vera framsett með öðrum hætti eða á öðrum grundvelli hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur.

**7. gr.**  
**Samninganefnd félagsmanna**

Við framkvæmd á grein 15.8.1 um störf við kjarasamningsgerð í samningi Eflingar við Reykjavíkurborg eru aðilar ásáttir um eftirfarandi fyrirvara: Við skipun félagsmanna í samninganefnd Eflingar við SSSK skulu vera að hámarki tveir félagsmenn frá hverjum þeirra skóla sem taldir eru upp í samningi þessum.

**8. gr.**  
**Endurnýjun kjarasamnings**


Í ljósi þess að kjör í samningi þessum fara eftir kjarasamningi Eflingar við Reykjavíkurborg eru aðilar ásáttir um eftirfarandi tilhögun viðræðna að gildistíma samnings loknum:

Viðræður um endurnýjun samnings hefjast ekki fyrr en viðræðuáætlun um endurnýjun samnings Eflingar við Reykjavíkurborg liggar fyrir. Skal SSSK fá afrit af þeirri viðræðuáætlun.

Nýr kjarasamningur milli aðila verður ekki undirritaður fyrr en nýr samningur Eflingar við Reykjavíkurborg hefur verið undirritaður.


**9. gr.**  
**Stytting vinnutíma**

Aðilar eru sammála um að við útfærslu vinnutíma skv. fylgiskjali I með kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar verði tekið fullt tillit til útfærsla sem þegar hafa verið gerðar hjá einstökum skólum þar sem vinnutími við gildistöku samnings þessa hefur þegar verið styttur.



f.h. Samtaka sjálfstæðra skóla  
Sara Dögg Svahnildardóttir  
formaður

Reykjavík, 23. október 2020



Sölveig A. Jónsdóttir

f.h. Eflingar – stéttarfélags  
Sölveig Anna Jónsdóttir  
formaður

Gudmundur v. Þórey  
Tinna Ósk Hauksd  
Heba Lantelai Hansel  
Magnus Guðný Guðmundsson